

Reglugerð um Kjörnefnd

Stjórn ÍF skipar þriggja manna kjörnefnd í samræmi við lög ÍF. Stjórn (formaður) ÍF kallar nefndina saman í tíma fyrir boðað þing ÍF í samræmi við ákvæði laga sambandsins. Á fyrsta fundi skiptir nefndin með sér verkum.

Hlutverk nefndarinnar er að leggja fram tillögur um frambjóðendur til allra starfa á vegum ÍF sem kosið er til á þingi. Tryggja skal framboð til formanns og til annarra trúnaðarstarfa sem þing kýs til. Áður en nefndin leggur fram tillögur um frambjóðendur sem hún hefur leitað til, skal liggja fyrir samþykki viðkomandi einstaklinga. Ef aðili dregur framboð sitt til baka, eða forfallast ber kjörnefnd að tryggja að nýtt framboð berist sé ekki nægilegur fjöldi frambjóðenda eftir

Kjörnefnd skal boðuð til þings og hafa nefndarmenn málfrelsi og tillögurétt þó þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Kjörnefnd skilar lista með nöfnum frambjóðenda í kjöri eigi síðar en viku fyrir þing til stjórnar ÍF. Nánari kynning frambjóðenda skal skilgreind í starfsreglum kjörnefndar.

Allur kostnaður vegna kjörnefndar greiðist af ÍF.

Kjörnefnd starfar eftir sérstökum reglum sem stjórn ÍF setur.

Starfsreglur kjörnefndar.

1. Skipan og hlutverk skal vera í samræmi við ákvæði laga ÍF
2. Nefndin skal kjósa sér formann og ritara
3. Nefndin skal kynna sér hlutverk stjórnar ÍF og kynna það frambjóðendum
4. Nefndin skal kanna hug sitjandi stjórnarmanna til áframhaldandi setu áður en leitað er til annarra
5. Nefndin auglýsir eftir frambjóðendum meðal aðildarfélaga ÍF
6. Nefndin skal tryggja framboð í öll embætti
7. Nefndin skal skila niðurstöðu sinni viku fyrir þing ÍF til stjórnar ÍF. Jafnframt skal nefndin kynna niðurstöðu sína formönnum aðildarfélaga ÍF sem og fulltrúum sambandsaðila ÍSÍ sem eiga fulltrúa á þingi ÍF
8. Nefndin skal setja fram tillögu sína um kjör formanns, varaformanns, meðstjórnenda og varastjórn Nefndin skal jafnframt kynna önnur framboð sem borist hafa í embætti og kjósa þarf um
9. Nefndarformaður kynnir niðurstöðu nefndarinnar á þingi ÍF og stýrir kosningu í samstarfi við þingforseta
10. Nefndin skal hlutast til um að kynna frambjóðendur fyrir þingfulltrúum á þingi ÍF